



Málþing um rekstrarfyrirkomulag heilbrigðiskerfisins

Félagsfræðingafélag Íslands og Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands stóðu fyrir málþingi þriðjudaginn 24. maí um rekstrarfyrirkomulag heilbrigðiskerfisins.

[Meira ...](#)



Þjóðarspegillinn XVII: Kall eftir ágrípum

Vilt þú halda erindi á Þjóðarspeglinum 2016? Opnað hefur verið fyrir skráningu erinda á sautjándra þjóðarspeglinum. Nánari upplýsingar og skráningarform er að finna á heimasíðu Þjóðarspegilsins.

[Heimasíða Þjóðarspegilsins](#)


[Meira ...](#)



Undirskrift samstarfssamnings

Á dögunum var undirritaður samstarfssamningur Félags- og mannvísindadeildar og Hagstofu Íslands. Markmið samningsins er að auka samstarf Hagstofu Íslands og Félags- og mannvísindadeildar á sviði rannsókna með því að veita nemendum í meistaranámi við deildina tækifæri til að vinna lokaverkefni í samstarfi við Hagstofuna.

[Meira ...](#)



Minningarathöfn um Alyson J.K. Bailes

Minningarathöfn um Alyson J.K. Bailes verður haldin þriðjudaginn 31. maí nk. kl. 15:00 á Litla-Torgi.

Alyson lést í Skotlandi föstudaginn 29. apríl sl. Hún starfaði í 30 ár í bresku utanríkisþjónustunni og gegndi þar fjölda trúnaðarstarfa, síðast starfi sendiherra í Helsinki. Alyson var forstöðumaður Alþjóðafriðarrannsóknastofnunarinnar (SIPRI) í Stokkhólmi á árunum 2002-2007 þegar hún tók við starfi aðjúnkts við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Hún var einnig gestaprófessor við College of Europe í Brugge 2010-2015.

[Meira ...](#)



„ Þetta verkefni hefur kennt mér svo margs“

Meistaraneinar við Viðskiptafræðideild taka þátt í fjölþjóðlegu verkefni í Vilnius

Viðskiptafræðideild, ásamt níu háskólum í Evrópu, stóð að námskeiðinu MARCIEE nú á vormisseri en það snýr að nýsköpun og markaðssamskiptum og er styrkt af Evrópusambandinu í gegnum Erasmus-menntaverkefnið. Megintilgangur námskeiðsins er að gefa nemendum tækifæri til að starfa með nemendum og kennurum frá ólíkum löndum og menningu.

[Meira ...](#)



Norræn verðlaun fyrir MA-ritgerð í félagsráðgjöf

Norrænu samtökin Nordisk forening mot barnemishandling og omsorgssvikt, NFBO, veita verðlaun fyrir MA-ritgerð, sem tengist baráttumálum samtakanna, á ráðstefnu þeirra sem haldin er annað hvert ár. Samtökin vinna með ofbeldi og vanrækslu barna og fyrirbyggjandi aðgerðir eða mögulegar leiðir til að aðstoða börn sem orðið hafa fyrir ofbeldi og vanrækslu.

[Meira ...](#)



Opinber vörn meistararitgerðar í lögfræði

Leó Örn Þorleifsson, meistaraneini og forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs varði meistararitgerð sína: Skerðingarreglur fæðingarorlofslaga, opinberlega, í Lögbergi 101 þann 10. maí sl. Leiðbeinandi Leós Arnar var Hafsteinn Dan Kristjánsson aðjúnt. Prófdómari var Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness.

[Meira ...](#)



Viðurkenndir stjórnarmenn útskrifaðir

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands útskrifaði viðurkennda stjórnarmenn þann 29. apríl síðastliðinn í Kauphöll Íslands, Nasdaq Iceland.

Þetta er í annað sinn sem útskrifað er úr áfanganum Góðir stjórnarhættir - Viðurkenndir stjórnarmenn. Nítján manns útskrifuðust að þessu sinni en viðurkenndir stjórnarmenn eru þá orðnir hátt í fjörutíu talsins. Námslínan byggist á samstarfi sérfræðinga úr atvinnulífinu og akademíunni en hátt í tuttugu leiðbeinendur koma að verkefninu.

[Meira ...](#)

Viðburðir framundan

30. maí - 13:00

[Viðskiptatengd ferðamennska: Virðisskapandi þættir í markaðsmiðun M.I.C.E. vörunnar almennt og í Reykjavík](#)

02. jún - 12:10

[Kynningarfundur - Viðskiptafræði með vinnu við Háskóla Íslands](#)

15. jún - 17:00

[Jane Goodall heldur opið erindi](#)

21. jún - 16:00

[Með fróðleik í fararnesti - Álfaganga um Jónsmessu í Mosfellsdal](#)

25. jún - 10:30

[Vorbrautskráning kandiðata frá Háskóla Íslands 2016](#)